

Nr. 307

8. mars 2017

## REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð um þvingunaraðgerðir varðandi Úkraínu nr. 281/2014,  
ásamt síðari breytingum.**

1. gr.

*Þvingunaraðgerðir.*

Eftirfarandi töluliðir skulu bætast við 2. gr. reglugerðar um þvingunaraðgerðir varðandi Úkraínu nr. 281/2014:

- 1.6 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2017/381 frá 3. mars 2017 um breytingu á ákvörðun 2014/119/SSUÖ um þvingunaraðgerðir sem er beint gegn tilteknunum aðilum, rekstrarreiningum og stofnunum í ljósi ástandsins í Úkraínu, sbr. fylgiskjal 1.6.
- 2.6 Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) 2017/374 frá 3. mars 2017 um framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 208/2014 um þvingunaraðgerðir sem er beint gegn tilteknunum aðilum, rekstrarreiningum og stofnunum í ljósi ástandsins í Úkraínu, sbr. fylgiskjal 2.6.
- 7.6 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2016/2315 frá 19. desember 2016 um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu, sbr. fylgiskjal 7.6.

2. gr.

*Gildistaka o.fl.*

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 4. og 12. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008, öðlast þegar gildi.

*Utanríkisráðuneytinu, 8. mars 2017.*

**Guðlaugur Þór Þórðarson.**

*Helga Hauksdóttir.*

Nr. 307

8. mars 2017

**Fylgiskjal 1.6.**

**ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2017/381**

**frá 3. mars 2017**

**um breytingu á ákvörðun 2014/119/SSUÖ um þvingunaraðgerðir sem er beint gegn tilteknum aðilum, rekstrareiningum og stofnunum í ljósi ástandsins í Úkraínu**

Ákvörðun 2014/119/SSUÖ er breytt sem hér segir:

Viðaukanum er breytt í samræmi við viðaukann við ákvörðun þessa.  
(Efnisútdráttur).

*VIDAUKI*

Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB:

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1488792130638&uri=CELEX:32017D0381>.

**Fylgiskjal 2.6.**

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2017/374**

**frá 3. mars 2017**

**um framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 208/2014 um þvingunaraðgerðir sem er beint gegn tilteknum aðilum, rekstrareiningum og stofnunum í ljósi ástandsins í Úkraínu**

I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 208/2014 skal breytt í samræmi við viðaukann við reglugerð þessa.  
(Efnisútdráttur).

*VIDAUKI*

Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB:

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?uri=CELEX:32017R0374>.

**Fylgiskjal 7.6.**

**ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2016/2315**

**frá 19. desember 2017**

**um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu**

Fyrsta undirgrein 1. mgr. 9. gr. ákvörðunar 2014/512/SSUÖ hljóði svo:

1. Þessi ákvörðun skal gilda til 31. júlí 2017. (Efnisútdráttur).